Föstudaginn 16. október 1981.

Nr. 75/1978. **Miðbæjarframkvæmdir s/f.**
(Grétar Haraldsson hrl.)
gegn
Magnúsi Björgvinssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Fasteignaviðskipti. Verðtrygging. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. mars, en útivistardómur gekk í því máli 3. apríl 1978. Málinu var áfrýjað af nýju 12. apríl 1978 með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnda, sem gerðar voru á bæjarþingi, og þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi samþykkir kröfur áfrýjanda, en krefst þess þó, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfur áfrýjanda ber að taka til greina. Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 4.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Miðbæjarframkvæmdir s/f, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Magnúsar Björgvinssonar, í máli þessu.

Hið áfrýjaða fjárnám er fellt úr gildi.

Stefndi greiði áfrýjanda 4.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 24. júní 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. október 1976, af Magnúsi Björgvinssyni skrifstofumanni, Hamraborg 16, Kópavogi, gegn Miðbæjarframkvæmdum s/f, Kastalagerði 1, Kópavogi, til þess að fá hið stefnda sameignarfélag dæmt til endurgreiðslu vísitölugreiðslna, sem stefndi hefur fengið frá stefnanda, að fjárhæð kr. 498.665 með 13% ársvöxtum frá 11. október 1976 til 20. nóvember 1976, en með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern vanskilamánuð og byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags, svo sem dómkröfur stefnanda eru endanlega fram settar.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Eftir frásögn í stefnu eru atvik málsins þau, að með tveimur samningum, sem nefndir hafa verið verksamningar, dags. 1. nóvember 1973, keypti stefnandi 3ja herbergja íbúð á 8. hæð A í háhýsinu Hamraborg 16, Kópavogi, ásamt bifreiðageymslu af stefnda fyrir ákveðna fjárhæð og með ákveðnum greiðsluskilmálum.

Í samningum þessum segir: „Verð íbúðarinnar er háð hreyfingum vísitölu byggingarkostnaðar til hækkunar eða lækkunar á byggingartímanum. Hreyfingar vísitölunnar virka ekki aftur fyrir sig á þær greiðslur, sem verkkaupi hefur innt af hendi. Viðmiðunargrunntala vísitölu er 853 stig."

„Samningur þessi fylgir samningi um byggingu 3ja herbergja íbúðar á 8. hæð A í háhýsi v/Vallartröð í Kópavogi, og fylgja honum því allir sömu skilmálar og þeim samningi, þar með ákvæði, um að samningsverð sé háð hreyfingum vísitölu til hækkunar eða lækkunar. Viðmiðunartala vísitölu er 853 stig."

Þessar vísitölugreiðslur kveður stefnandi, að stefndi hafi tekið undir sjálfum sér, þannig að hann hafi gefið kvittanir sumpart fyrir greiðslum upp í kaupverð og sumpart upp í vísitöluálag. Eftir að kaupverðið var allt greitt og auk þess sú fjárhæð, sem hér er stefnt út af til endurgreiðslu, krafðist stefndi viðbótarvísitölugreiðslu, enda þótt hann hafi aldrei gefið nákvæma sundurliðun eða skýringar á útreikningum vísitölugreiðslna. Afsal fyrir íbúðinni, hlutdeild í sameign ásamt sérgeymslu í kjallara o. fl. gaf stefndi út til stefnanda hinn 10. júlí 1975. Nú hafi stefn-

andi hins vegar orðið þess áskynja, að vísitölubinding viðskipta þessara muni fara í bága við lög, og hafi stefndi haft af honum fé með ólöglegum hætti.

Verður nú vikið nánar að málavöxtum, svo sem fram kemur í skýrslum stefnanda og fyrirsvarsmanna stefnda fyrir dóminum.

Í skýrslu stefnanda 7. mars sl. segir m. a., að hann hafi komist í samband við stefnda á þann hátt, að hann sá íbúðir auglýstar til sölu í háhýsi í Kópavogi hjá fasteignasölunni Hýbýlum og Skipum í Garðastræti í Reykjavík. Var verðið tilgreint kr. 2.600.000. Var þetta u. þ. b. viku eða 10 dögum áður en samningar voru undirritaðir.

Eftir að hafa fengið ýmsar upplýsingar þessu viðvíkjandi þarna á fasteignasölunni fékk hann afhenta útlitsteikningu af háhýsinu svo og flatarteikningu af íbúðinni. Einnig fékk hann afhent samningsform. Tók hann þetta með sér og kom svo daginn eftir og gerði ákveðið greiðslutilboð. Var honum þá tjáð, að verðið væri kr. 50.000 hærra, þar sem íbúðin væri á efstu hæð. Tókust samningar milli aðilja 2—3 dögum seinna, hinn 1. nóvember 1973, svo sem fyrr segir.

Magnús kveðst hafa tekið eftir því, að samningarnir nefndust verksamningar. Hann kveður ekkert hafa verið útskýrt á neinn hátt, hvort eða hvaða þýðingu það hefði, að samningarnir voru með þessu heiti, en sjálfur kveðst hann hafa staðið í þeirri trú, að hann væri að gera venjulegan kaupsamning. Hann kveður ekkert hafa verið talað um eða útskýrt, hvaða þýðingu vísitöluákvæðið í samningunum hefði. Hann kveðst hafa tekið eftir þessum vísitöluákvæðum, en lagði annan skilning í þau en stefndi reyndist hafa.

Stefnandi kveðst hafa verið lengi búinn að reyna að fá skriflegt uppgjör um viðskipti sín og stefnda, en án árangurs. Fól hann Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni að knýja á um það. Skömmu eftir mánaðamótin júní—júlí 1975 kveðst hann hafa farið á endurskoðunarskrifstofu Jóns Ólafssonar og lýst því yfir, að hann vildi fá endanlegt uppgjör. Eftir að Jón hafði munnlega gert grein fyrir greiðslustöðunni, gerði hann upp að fullu og fékk kvittun, en á grundvelli hennar fékk hann út gefið afsal hinn 10. júlí 1975.

Hann segir aðspurður, að eftir að hann hafði lengi krafist þess að fá uppgjör og gert kvartanir út af ástandi íbúðarinnar og afhendingardrætti, en um þetta átti hann og lögmaður hans fjölmörg samtöl og símtöl, m. a. við Hafstein Júlíusson, þá hafi Hafsteinn gefið sér eins dags frest til að ljúka öllum greiðslum að

fullu, annars yrði íbúðin seld öðrum. Kveðst hann þá hafa snúið sér til Jóns Ólafssonar endurskoðanda, svo sem ofan greinir.

Fyrirsvarsmenn stefnda, þeir Ingimar Haraldsson húsasmíðameistari, Hafsteinn Júlíusson múrarameistari og Páll Þorláksson rafverktaki, komu fyrir dóminn 15. apríl sl. Í skýrslu Ingimars, sem er stjórnarformaður félagsins, segir á þá leið, að hann muni ekki séstaklega eftir gerð samninganna, sem málið sé af risið, en þá hafi hann undirritað f. h. félagsins.

Af þessum sökum kveðst hann ekki muna, hvort nokkrar umræður fóru fram um einstök ákvæði samninganna fyrir eða við undirskrift þeirra. Ingimar kveður samningana vera verksamninga, eins og greinir á þeim, þar sem um var að ræða að byggja íbúðir fyrir fólk. Hann kveður þá sameigendurna hafa vitað um þá skoðun ýmissa aðilja, að vísitöluákvæði í venjulegum kaupsamningum um fasteignir kynnu að vera ólögmæt, en hins vegar ekki í verksamningum. Hafi þetta atriði einnig haft áhrif á það að gera slíka verksamninga um íbúðirnar í háhýsunum við Hamraborg, sem félagið hugðist reisa, en ekki venjulega kaupsamninga.

Hann kveður aðspurður, að félagið hafi falið fasteignasölunni Híbýlum og Skipum í Reykjavík að koma íbúðunum í nefndum háhýsum á framfæri við almenning. Hafi fasteignasalan algerlega séð um þann þátt, þar á meðal auglýsingar.

Hafsteinn Júlíusson kveðst ekki hafa haft nein afskipti af gerð samninganna. Hins vegar hafi hann verið viðstaddur, er afsalið var gefið út, en þá hafði stefnandi gengið frá greiðslum samkvæmt samningunum við Jón Ólafsson endurskoðanda, en þessar greiðslur voru komnar í vanskil. Hann kveðst hafa talað við stefnanda þá nokkru áður og gert honum grein fyrir því, að hann ætti það á hættu, að íbúðin yrði seld öðrum, ef hann bætti ekki strax úr vanskilum sínum.

Nokkru eftir útgáfu afsalsins kveður hann, að stefnandi hafi hringt í sig og tjáð sér, að hann hefði greitt til Jóns Ólafssonar endurskoðanda með víxlum sömu upphæð og seinni hluti húsnæðismálastjórnarlánsins nam. Í framhaldi af þessu hafi stefnandi sagst vilja taka lánið út sjálfur hjá veðdeildinni og bað um atbeina hans til þess, en umboð til handa Miðbæjarframkvæmdum s/f til að veita láninu viðstöku lá fyrir í bankanum. Hafsteinn tekur fram, að stefnandi hafi vísað til þess, að hann hefði gengið frá þessu atriði á sama hátt og Ingibjörg nokkur í íbúðinni við hliðina á honum, en hún hafði borgað til endurskoðandans upp-

hæð veðdeildarlánsins í peningum eða víxlum. Hafsteinn kveðst ekki hafa getað rengt það, sem stefnandi sagði um mál þetta, en þar sem Jón Ólafsson endurskoðandi var utanbæjar um þetta leyti, gat hann ekki fengið staðfestingu hjá honum. Þegar svo Guðbrandur, starfsmaður veðdeildarinnar, hafi hringt í sig út af þessu, hafi hann sagt honum, að stefnandi segðist vera búinn að greiða upphæð lánsins og þar sem ekki væri rétt að rengja það, væri ekki neitt því til fyrirstöðu að afgreiða það til hans sjálfs. Hafsteinn kveðst hafa fengið þær upplýsingar frá Jóni Ólafssyni endurskoðanda, að stefnandi hefði ekki greitt upphæð lánsins til hans. Hafði hann þá lagt fram kæru til sakadóms Kópavogs eftir að hafa árangurslaust í viðræðum við stefnanda reynt að fá hann til að borga upphæðina.

Aðspurður kveður hann, að fyrirliggjandi samningsform hafi verið samið af Guðfinni Magnússyni hjá Híbýlum og Skipum og Guttormi Sigurbjörnssyni og síðan lagt fyrir fundi upphaflegra sameigenda Húsfells s/f, sem var forveri Miðbæjarframkvæmda s/f. Hann kveðst hafa verið aðili að Húsfelli s/f, er gengið var frá samningsdrögum. Hann segir, að þeim sameigendum hafi verið kunnugt um þá skoðun ýmissa aðilja, að vísitöluákvæði í venjulegum kaupsamningum kynnu að vera ólögmæt. Hins vegar hafi lögfræðingar lýst því áliti sínu við þá sameigendurna, að ef hið opinbera gæti haft slík vísitöluákvæði í verksamningum sínum, þá gætu aðrir aðiljar, þ. á. m. einstaklingar, gert það líka.

Hjá Páli Þorlákssyni kom skýrt fram, að hann hefði engan hlut átt að framkvæmd viðskipta félagsins af stefnanda.

Hann kveðst ekki muna það, hvort eða hverjir sömdu formið á samningunum. Hann kveður ástæðuna til þess, að samningarnir nefnast verksamningar, vera þá, að gera skyldi samninga um íbúðir, sem ekki var búið að smíða. Hann kveður þá vitneskju hafa verið fyrir hendi, er þetta var ákveðið, að það var skoðun ýmissa aðilja, að vísitöluákvæði eins og eru í verksamningunnm kynnu að vera ólögmæt í venjulegum kaupsamningum um fasteignir. Hvort þessi vitneskja réði nokkru um það, hvernig samningsformin voru úr garði gerð, kveðst hann ekki vilja fullyrða neitt um.

Svo sem greinir í atvikalýsingu hér að framan, er mál þetta risið út af tveimur samningum milli aðilja um tiltekna íbúð og bílageymslu í háhýsinu Hamraborg 16 í Kópavogi.

Upphaf samningsins um íbúðina hljóðar svo:

„Miðbæjarframkvæmdir s.f., Kópavogi, í samningi þessum nefndur verksali, Magnús Björgvinsson, Tunguvegi 46, Reykjavík,

í samningi þessum nefndur verkkaupi, gerum með okkur svofelldan

Verksamning.

Verksali tekur að sér að byggja 3ja herbergja íbúð á 8 A hæð í húsinu nr. við háhýsi v/Vallartröð í Kópavogi, samkvæmt verksamningi þessum, eftir teikningum, samþykktum af byggingaryfirvöldum í Kópavogi.

Íbúðinni fylgir sér geymsla í kjallara, merkt 8 h. A hæð hlutdeild í sameiginlegu þvottahúsi, barnavagnageymslu, sorpgeymslu, göngum, stigahúsi, lyftu, lyftuhúsi og öðru því, sem eigninni fylgir skv. teikningu af húsinu, þar með talin hlutdeild í leigulóðarréttindum."

Þá er lýst í ítarlegu máli, hvernig frágangi íbúðar svo og sameignar skuli háttað, og sagt, að greiðslur fyrir verkið séu kr. 2.650.000 og greiðsluupphæðir og gjalddagar taldir upp.

Síðan segir á þessa leið:

„Af greiðslum fyrir afhendingu íbúðar greiðast engir vextir. Hins vegar ber verkkaupa að greiða venjulega útlánsvexti banka, víxlavexti, af skuld, er kann að standa, þegar hann tekur við íbúðinni, þar með talið ógreitt lán Húsnæðismálastjórnar. Verkkaupi greiðir skipulagsgjald og lóðarskráningargjald, en verksali gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald svo og heimtaugargjald rafveitu og hitaveitu.

Þegar íbúðin hefur verið afhent verkkaupa, hirðir hann arð hennar og greiðir af henni skatta og skyldur, s.s. hita, rafmagn o.fl. Verkkaupi skal gera íbúðina íbúðarhæfa innan þriggja ára frá undirskriftardegi varksamnings. Þegar verksali hefur staðið við allar skuldbindingar sínar samkvæmt verksamningi þessum og verkkaupi á sama hátt, að öllu leyti, staðið í skilum með greiðslur, eins og honum ber, telst verkkaupi eigandi eignarinnar og á rétt á afsali, og fer þá með gjöld, skatta og skyldur, að öllu leyti, eftir venjulegum reglum um kaup og sölu fasteigna. Húsfélag skal stofnað áður en afsal er gefið út.

Verkkaupi hefur séð og kynnt sér teikningu af húsinu gerða af Ásmundi Ólasyni og Óla Jóh. Ásmundssyni í apríl 1973.

Verksali lofar að hraða framkvæmd verksins eftir föngum.

Verð íbúðarinnar er háð hreyfingum vísitölu byggingarkostnaðar til hækkunar eða lækkunar á byggingartímanum. Hreyfingar vísitölunnar virka ekki aftur fyrir sig á þær greiðslur, sem verkkaupi hefur innt af hendi. Viðmiðunargrunntala vísitölu er 853 stig. Eigi verkkaupi rétt á láni hjá Húsnæðismálastjórn, veit-

ir verksali láninu viðtöku, og gengur það upp í greiðslu fyrir verkið, að öðrum kosti greiði verkkaupi fjárhæð, sem svarar lánsupphæðinni, á sama tíma og Húsnæðismálastjórn greiðir lánin. Gert er ráð fyrir, að verkkaupi fái fyrri hluta lánsins eigi síðar en í árslok 1974 og síðari hlutann 6 mánuðum síðar.

Nú vanheldur verkkaupi ákvæði verksamnings þessa um greiðslur, og getur þá verksali, með tveggja vikna fyrirvara, skorað á hann úr að bæta. Hafi hann eigi innan greinds tíma innt af höndum tilskildar greiðslur, þá hefur hann fyrirgert rétti sínum til íbúðarinnar. Skal þá verksala heimilt að taka til ráðstöfunar íbúðina. Ekki er afturkræft það, sem verkkaupi hefur greitt, fyrr en verksali hefur fengið greidda þá fjárhæð, sem komin var í vanskil, þegar samningur er gerður við nýjan verkkaupa. Hins vegar skal verkkaupi fá vexti af innborguðum greiðslum."

Í samningum um bílageymsluna er tilgreint verð kr. 310.000, og er vísað til ákvæða í fyrrnefnda samningnum um aðra skilmála, þ. á m. að samningsverðið sé háð hreyfingum vísitölu til hækkunar eða lækkunar.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum í málinu, að skuldbindingar hans samkvæmt umræddum tveimur samningum séu fjárskuldbindingar í skilningi laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárbindinga. Samkvæmt 1. gr. laganna sé óheimilt að ákveða í samningum, að fjárskuldbindingar í íslenskum krónum skuli breytast í hlutfalli við breytingar vísitölu, vöruverðs, gengi erlends gjaldeyris, verðmæti gulls, silfurs eða annars verðmætis, en undanþágu frá þessari reglu geti Seðlabanki Íslands aðeins veitt. Sé þessa eigi gætt, skuli slíkar skuldbindingar vera ógildar, sbr. 2. mgr. 1. gr. nefndra laga.

Samninga þá, sem hér um ræðir, kveður hann samkvæmt eðli sínu og inntaki raunverulega vera kaupsamninga, en ekki verksamninga. Komi það glögglega fram í málsskjölum. Sé hann búinn að greiða umsamið kaupverð íbúðarinnar og bílageymslunnar, kr. 2.960.000, kr. 130.230 í vexti og auk þess kr. 498.665 í vísitöluálag á kaupverðið samkvæmt framangreindum samningsákvæðum.

Stefnandi kveðst hafa höfðað mál þetta til heimtu vísitöluálagsins með eðlilegum hraða, eftir að hann fékk vitneskju um ólögmæti vísitöluákvæðanna og í beinu framhaldi af því. Beri því að vísa því á bug, sem stefndi haldi fram, að hann hafi sýnt tómlæti um þessa endurheimtu, svo og þeirri málsástæðu hans, að hann hafi samþykkt kaupkjörin, þ. á m. vísitöluákvæðin, er hann

gerði upp að fullu og fékk út gefið afsal hinn 10. júlí 1975. Þarna hafi komið til fullkomin nauðung, þar sem því var hótað skýrt og skorinort, að íbúðin yrði seld öðrum, ef ekki yrði gert upp strax.

Hann bendir á, að hann hafi aldrei eftir samningsgerðina viðurkennt eða samþykkt vísitöluálagið berum orðum eða sérstaklega. Hvort sem væri skipti það ekki máli í sambandi við endurheimtu fjár, tekið með ólöglegum hætti.

Auk áskilnaðar í stefnu um rétt til skaðabóta eða afsláttar úr hendi stefnda vegna vanefnda og framkominna galla á íbúðinni hefur stefnandi áskilið sér rétt til endurheimtu of tekinna vaxta.

Stefndi rökstyður kröfu sína um sýknu fyrst og fremst með því, að umdeild vísitöluákvæði í verksamningunum tveimur séu gild frá upphafi og brjóti því í engu gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Samningarnir séu raunverulega verksamningar samkvæmt eðli sínu og efni, enda gerðir um fasteignir, sem átti eftir að reisa og koma upp. Engu mál i skipti, hvað þeir séu nefndir eða hvað viðskiptin samkvæmt þeim séu kölluð í einstökum greiðslukvittunum, í afsali eða auglýsingum. Slíkt og þvílíkt geti í engu breytt eðli þeirra.

Í kaupsamningum um fasteignir, sem til eru við kaupin og afhentar skömmu eftir þau, kunni það að stríða gegn ákvæðum 1. gr. nefndra laga nr. 71/1966 að vísitölubinda kaupverðið, en allt öðru máli gegni um verksamninga eins og hér ræði um, enda áralöng föst venja fyrir því að binda greiðslur vísitölu eða öðrum verðmæli.

Í öðru lagi styður stefndi sýknukröfuna með því, að stefnandi hafi endanlega samþykkt fullnaðarverð íbúðarinnar og þar með samningskjörin í einu og öllu með viðtöku afsals án fyrirvara hinn 10. júlí 1975 að undanfarandi fullnaðaruppgjöri vegna íbúðarinnar sjálfrar. Í því sambandi bendir hann á, að stefnandi hafi aldrei mótmælt né gert nokkrar athugasemdir um vísitöluálagið, er hann innti einstakar greiðslur af hendi.

Að svo vöxnu máli telur stefndi, að stefnandi eigi ekki að hljóta nokkra stoð bakkrafna þeirra, er hann hafi hér uppi.

Þá kveður stefndi, að fari svo mót von sinni, að stefnandi verði talinn hafa átt einhverja endurheimtukröfu sér á hendur, þá hljóti sú krafa að vera fallin niður fyrir tómlæti, þar sem hann fyrst hefjist handa um málssókn henni til viðurkenningar fullum 15 mánuðum eftir lokagreiðslu hinn 9. júlí 1975 og viðtöku afsals

daginn eftir. Hvernig sem á þetta sé litið, sé stefnukrafan allt of seint fram komin.

Beri því að hafna henni með öllu.

Álit dómsins og niðurstaða.

Þegar virt eru fyrirliggjandi gögn og öll atvik að samningsgerð aðilja, verður að fallast á það með stefnanda, að umræddir samningar séu fremur í ætt við kaupsamninga um fasteignir heldur en eiginlegir verksamningar. Ber að telja, að skuldbindingar stefnanda í samningunum séu fjárskuldbindingar í skilningi laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Ganga því ákvæðin í þeim um vísitölubindingu kaupverðsins gegn fortakslausum bannákvæðum 1. gr. nefndra laga og eru ógild, sbr. 2. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar.

Þar sem á þennan veg er farið um þennan þátt viðskipta aðilja, verður eigi talið, að stefnandi hafi fremur en í upphafi samningsgerðarinnar samþykkt á bindandi hátt samningskjörin að því er vísitöluákvæðin áhrærði eða í heild, er hann gerði upp kaupverðið eftir kröfu stefnda og fékk út gefið afsal í júlí 1975. Þá verður eigi talið, eins og málið er vaxið, að stefnandi hafi firrt sig rétti vegna tómlætis til að fá dómsviðurkenningu á endurkröfurétti þeim, er hann sækir hér.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir verða að taka til greina kröfu stefnanda um endurgreiðslu vísitöluálags, kr. 498.665. Verður því stefndi dæmdur til greiðslu þessarar fjárhæðar með vöxtum, sem ákveðast 13% á ári frá 11. október 1976 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 115.000.

Ólafur St. Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Miðbæjarframkvæmdir s/f, greiði stefnanda, Magnúsi Björgvinssyni, kr. 498.665 með 13% ársvöxtum frá 11. október 1976 til greiðsludags og kr. 115.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 13. september 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 13. september, var fógetaréttur Kópavogs settur að Kastalagerði 1, Kópavogi, og haldinn þar af full-

trúa bæjarfógeta Sigurberg Guðjónssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið: Magnús Björgvinsson gegn Miðbæjarframkvæmdum s/f, sama stað.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit úr dómabók Kópavogs (dómur 24. 6. 1977), svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kjartan Reynir Ólafsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 498.665 með 13% ársvöxtum frá 11. október 1976 til greiðsludags, kr. 5.600 í birtingar,- endurrits,- og ritlaunakostnað, kr. 115.000 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Fyrir hönd gerðarþola er mætt í réttinum að tilhlutan fógeta Edda Ólafsdóttir, sem er hér. Áminnt um sannsögli, kveðst hún ekki greiða fyrir gerðarþola né benda á eignir til fjárnáms.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign/arhluta gerðarþola, sem er verslunarhúsnæði í götuhæð fasteignarinnar nr. 10—14 við Hamraborg hér í bæ.

Á staðnum var til staðar María Björnsdóttir, en hún vildi ekki mæta í réttinum f. h. gerðarþola.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir Maríu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu, sem hún lofaði að gera.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.